

Ársskýrsla 2025

KADECO





Efnisyfirlit

Framfarir auka virði	4
Að róa í sömu átt	5
Ár umbreytinga	6
Stjórn Kadeco 2025	7
Rekstur ársins 2025	8
K64: Markaðssetning og alþjóðleg viðskiptapróun	9–10
Uppbygging á Ásbrú	11–12
Helstu viðburðir 2025–2026	13–16
Brot úr umfjöllun fjölmiðla um Kadeco og K64 á árinu	17
Greinaskrif og efni Kadeco	18

Framfarir auka virði

Kadeco hefur það meginhlutverk að leiða samstarf íslenska ríkisins, Ísavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll. Félagið vinnur að því að skapa forsendur fyrir markvissri uppbyggingu, auka virði svæðisins og gera tækifærin sýnilegri fyrir fjárfesta, fyrirtæki, stjórnvöld og samfélagið allt.

Þróun Keflavíkurflugvallarsvæðisins er langtíma-verkefni sem krefst skýrrar sýnar, samstilltra aðgerða og öflugs samstarfs. Þar gegnir Kadeco lykilhlutverki sem leiðandi afl, tengiliður og sameiginlegur vettvangur þeirra aðila sem koma að framtíðar-uppbyggingu svæðisins.

Þróunaráætlunin K64, sem kynnt var í mars 2023, er mikilvægur leiðarvísir í þeirri vinnu. Hún byggir á styrkleikum Keflavíkurflugvallarsvæðisins, öflugu samfélagi og fjölbreyttum möguleikum til atvinnu-þróunar. Áætluninni er ætlað að styðja við aukna atvinnustarfsemi og sterka stöðu Suðurnesjanna sem staðar til að búa á, starfa og heimsækja.

Með markvissri vinnu, faglegu utanumhaldi og öflugu samstarfi getur K64-svæðið orðið einn mikilvægasti drifkraftur nýrrar verðmætasköpunar á Íslandi. Þar liggja tækifæri sem geta styrkt Suðurnesin, aukið samkeppnishæfni landsins og skapað ávinning fyrir komandi kynslóðir.



Starfsfólk Kadeco fór í vettvangsferð í Ölfusið í apríl 2026.

Að róa í sömu átt



Pálmi Freyr Randversson
Framkvæmdastjóri

Árið 2025 höldum við áfram að byggja upp traustan grunn að þróun K64-svæðisins. Svæðis sem hefur alla burði til að verða eitt mikilvægasta vaxtarsvæði landsins á næstu áratugum. Á árinu var unnið markvisst að framgangi þróunarreita, samtali við sveitarfélög, ríki, fyrirtæki og fjárfesta, undirbúningi innviða og því að gera tækifærin sýnilegri, bæði hér heima og á alþjóðavettvangi. Ekki síður var árið mikilvægt fyrir samráð, greiningar og forgangsroðun; þá vinnu sem sést ekki alltaf strax en ræður úrslitum um gæði ákvarðana síðar.

K64 er þar lykillinn. Þar birtist heildstæð framtíðarsýn fyrir svæðið við stærstu alþjóðlegu gátt Íslands. Nálægð við flugvöllinn, hafnir og græna orku skapar einstaka stöðu.

Starf Kadeco tengist þeim áherslum sem skipta Ísland máli í atvinnustefnu til framtíðar: Aukinni verðmætasköpun, nýsköpun, sjálfbærni, einfaldara umhverfi fyrir fyrirtæki og sterkari samkeppnisstöðu Íslands. Keflavíkurflugvallarsvæðið getur orðið vettvangur fyrir nýja starfsemi í flugtengdri þjónustu, hringrásarhagkerfi, tækni, orkuskiptum, rannsóknum og alþjóðlegum viðskiptum. Þar liggur raunverulegt þjóðhagslegt tækifæri: Að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf, skapa störf og auka verðmæti.

Við megum ekki gera ráð fyrir að heimurinn þekki tækifærin á Suðurnesjum eða að Ísland sé sjálfkrafa efst í huga fjárfesta, samstarfsaðila og fyrirtækja sem velja sér staðsetningu. Við þurfum að segja söguna skýrt og sameiginlega. Ísland er öruggt, grænt og áreiðanlegt land. K64 er eitt sterkasta dæmið um hvernig sú saga getur orðið að raunverulegum verkefnum, störfum og verðmætum.

Ég vil þakka stjórn Kadeco fyrir traust og öflugan stuðning á árinu. Ég þakka starfsfólki félagsins fyrir fagmennsku, dugnað og lausnamiðað hugarfar. Ég vil einnig færa samstarfsaðilum okkar, sveitarfélögum, stjórnvöldum, fyrirtækjum, stofnunum, íbúum og öðrum haghöfum einlægar þakkir fyrir gott samstarf. Án þessarar samvinnu verður engin heildstæð þróun.

Framundan eru stór verkefni. Við eigum að nálgast þau af metnaði og raunsæi. Kadeco mun áfram vinna að því að breyta möguleikum í framkvæmanleg verkefni, framtíðarsýn í fjárfestingu og svæðinu í sterkan drifkraft fyrir Suðurnesin og Ísland allt.

Ár umbreytinga



Salóme Guðmundsdóttir
Stjórnarformaður

Á svæðinu í kringum Keflavíkurflugvöll á sér nú stað ein áhugaverðasta uppbygging landsins í samstarfi íslenska ríkisins, Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Isavia. Kadeco leiðir þetta samstarf með heildstæðri nálgun á stefnu og skipulag svæðisins, þar sem markmiðið er að skapa eftirsóknarvert og aðlaðandi umhverfi fyrir íbúa, laða að erlenda fjárfestingu og stuðla að jákvæðri upplifun þeirra ferðamanna sem þar fara um.

Árið 2025 var umbreytingaár í starfsemi Kadeco. Metnaðarfull þróunaráætlun K64 liggur fyrir, deili-skipulagsvinna er langt á veg komin og sala byggingar-réttar vegna uppbyggingar á svæðinu er orðin að veruleika. Með þessum áföngum færist aukinn þungi í starfsemi félagsins í að kynna fjárfestingatækifærin á Suðurnesjum fyrir fjölbreyttum hópi fyrirtækja, fjárfesta og annarra samstarfsaðila, bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.

Suðurnesin búa yfir einstökum styrkleikum sem skapa raunveruleg verðmæti fyrir Ísland í heild. Staðsetning Keflavíkurflugvallar, greitt aðgengi að grænni orku og beinar tengingar við alþjóðlega markaði mynda kjöraðstæður fyrir fjölbreytt atvinnulíf sem byggir á hraða, nýsköpun og alþjóðlegri samkeppnishæfni. K64 miðar að því að nýta þessa styrkleika til að byggja upp öflugan vaxtarkjarna sem styður beint við atvinnu-stefnu Íslands.

Meðal akkerisverkefna er Ásbrú, sem fær andlits-lyftingu með framsæknu skipulagi undir íbúabyggð og er mikilvægur hlekkur í þróun tækifæra á svæðinu. Uppbygging græna Hringrásariðngarðsins í Helguvík og Bergvík skipar einnig stóran sess í þróunar-áætluninni, en þar mætast hugvit, fjárfesting og frumkvöðlastarf í suðupotti nýsköpunar.

Suðurnesin eru einn öflugasti vaxtarkjarni landsins og geta gegnt leiðandi hlutverki í að vekja athygli alþjóðlegra fjárfesta á uppbyggingartækifærum á Íslandi. Með því að draga fram fjölbreytt fjárfestinga-tækifæri sem styðja við atvinnustefnu landsins skapar Kadeco verðmæti fyrir Ísland allt. Í þessu verkefni gegnir félagið lykilhlutverki, með metnaði, fagmennsku og skýra framtíðarsýn að leiðarljósi.

Ég þakka starfsfólki Kadeco, samstarfsaðilum okkar og stjórn fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu og hlakka til að vinna áfram með ykkur að framþróun Suðurnesja í þágu Íslands.

Stjórn Kadeco 2025



Salóme Guðmundsdóttir, formaður stjórnar (fremst). Aftari röð frá vinstri: Einar Gunnar Thoroddsen, Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdarstjóri Kadeco, Guðmundur Daði Rúnarsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Einar Jón Pálsson.

Salóme Guðmundsdóttir,
formaður stjórnar
Einar Gunnar Thoroddsen
Einar Jón Pálsson
Guðmundur Daði Rúnarsson
Guðný Birna Guðmundsdóttir

Varamaður er Hrafn Hlynsson

Rekstur ársins 2025



Ársreikningur Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Kadeco, fyrir árið 2025 var undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra 21. maí 2026 og áritaður af ríkis-endurskoðanda sama dag.

Rekstrartekjur félagsins námu 150,8 millj. kr. á árinu 2025 og hækkuðu um 48,6 millj. kr. milli ára eða um 48%. Tap félagsins á árinu 2025 nam 53,7 millj. kr. (2024: 121,7 millj. kr.). Eigið fé félagsins í árslok nam 975,4 millj. kr. (2024: 1.029,1 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 20,0 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2026 en vísar að öðru leyti til árs-reikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Félagið annast umsýslu og innheimtu byggingarréttar og lóðarleigu af því landi sem er í umsjón félagsins og nýtur þóknunar af þeirri umsýslu sem nemur 40% af innheimtri lóðarleigu og 100% vegna sölu byggingarréttar fyrstu 3 ár þjónustusamningsins til ársins 2028, til að standa straum af beinum kostnaði.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var fimm (2024: fimm).

Hlutafé er að fullu í eigu Ríkissjóðs Íslands í árslok líkt og í ársbyrjun.

Rekstrartekjur 150,8 milljónir kr.
Rekstrartekjur hækkuðu um 48%
Eigið fé 975,4. milljónir kr.
5 starfsmenn í lok árs 2025.

K64: Markaðssetning og alþjóðleg viðskiptaþróun

Árið 2025 markaði mikilvæg tímamót í K64 þróunar-áætluninni þar sem áherslan færðist í auknum mæli frá stefnumótun og skipulagi yfir í virka markaðssetningu og alþjóðlega viðskiptaþróun. Verkefnið er nú komið á það stig að grundvallarforsendur eru skýrar, uppbygging hafin og raunhæf tækifæri fyrir erlenda fjárfesta orðin sýnileg.

Mikilvægur þáttur í þessari vegferð var samstarf Kadeco við markaðsráðgjafarfyrtækið C-Studios þar sem mótuð var heildstæð alþjóðleg markaðsstefna fyrir K64 undir yfirskriftinni „Iceland’s Airport Region“. Í stefnunni er lögð áhersla á skýra sýn á alþjóðlegar virðiskeðjur, afmarkaða markhópa og samræmda frásögn sem tengir saman styrkleika Íslands við raunhæf fjárfestingartækifæri á K64-svæðinu. Megináherslur í skilaboðum eru á endurnýjanlega orku, stöðugt rekstrarumhverfi á Íslandi og einstaka staðsetningu svæðisins milli Evrópu og Norður-Ameríku. Með þessu var stigið afgerandi skref í átt að markvissari alþjóðlegri kynningu.

GLOBAL ENTRY POINT REGIONAL ECOSYSTEM



►K64

INVESTING IN K64

High-impact innovation.
Low environmental footprint.



Right-sized
industry

<20 MW ideal; max 50MW
2.5k-20k m² footprints
<150 employees



Circularity-focused

Resource reuse & symbiosis
Waste-to-value systems
UN SDG-aligned operations



Innovation-led
production

Advanced materials
Sustainable aviation & fuels
Climate tech & clean processing

►K64

GATEWAY TO ICELAND

There are four investment areas within the K64 masterplan, each with distinct assets and development timelines.



115 hectares
Established utilities
Easiest transport to
Reykjavík City Centre



300 hectares
Iceland Eco Business
Park
Deep sea port access



30 hectares
Established utilities
Direct Keflavík
Airport access





10-15 hectares
Hospitality, service and cargo
use cases
Direct Keflavík Airport access

►K64

Samhliða þessari vinnu var framleitt nýtt kynningar-efni fyrir K64, meðal annars uppfært kynningarsett sem var sérstaklega þróað með alþjóðlega fjárfesta í huga. Þá var sett í loftið ný landingarsíða, invest.k64.is, sem þjónar sem miðlæg upplýsingaveita fyrir erlenda aðila og styður við markaðssetningu, viðskiptapróun og áframhaldandi samskipti á alþjóðlegum vettvangi.

Kynning K64 á erlendri grundu mun að miklu leyti snúast um að kynna svæðið fyrir fjárfestum með beinni markaðssókn, til dæmis með þátttöku í ráðstefnum, sýningum og á fundum. Í október 2025 hélt Kadeco til München á Expo Real, sem er ein stærsta fasteigna- og þróunarráðstefna í Evrópu. Þar tók starfsfólk Kadeco þátt í pallborðsumræðum og kynnti K64 og uppbyggingartækifæri á Suðurnesjum. Í mars 2026 tók Kadeco svo þátt í alþjóðlegu



fasteigna- og þróunarráðstefnunni MIPIM í Cannes í samstarfi við Íslandsstofu. Þar fékk kynning á K64 mikla athygli og var fullt hús á viðburði félagsins. Þátttakan var mikilvægur áfangi í að styrkja sýnileika K64, byggja tengsl við fjárfesta og auka áhuga á svæðinu sem framtíðaruppbyggingarsvæði.

Til að styðja við enn markvissari og markaðsdrifnari nálgun til framtíðar hóf Kadeco, ásamt Íslandsstofu, samstarf við hollenska ráðgjafarfyrtækið BCI. Verkefnið felst í greiningu á alþjóðlegum virðiskeðjum í völdum atvinnugreinum, með það að markmiði

að greina hvar raunverulegt samkeppnisforskot K64 liggur og hvar tækifæri eru til að laða að verðmætar fjárfestingar. Greiningin nær bæði til eftirspurnar á alþjóðamörkuðum, þróunar innan einstakra atvinnugreina og þess hvernig styrkleikar Íslands og K64 geta tengst þeim virðiskeðjum á trúverðugan hátt. Niðurstöður verkefnisins munu nýtast til að skerpa fókus í alþjóðlegri markaðssetningu K64 til framtíðar, forgangsraða markhópum og tryggja að kynning svæðisins byggji á skýrum tækifærum til langtíma verðmætasköpunar.

Uppbygging á Ásbrú



Ásbrú er eitt mikilvægasta þróunarsvæði Kadeco og lykilþáttur í framtíðaruppbyggingu á Suðurnesjum. Svæðið á sér einstaka sögu sem nær aftur til ársins 1941 þegar bandaríski herinn reisti byggð á Miðnesheiði. Á skömmum tíma breyttist áður óbyggð heiði í alþjóðlegt samfélag þar sem nýir

menningarstraumar, tækninýjungar og fjölbreytt atvinnulíf höfðu djúpstæð áhrif á Suðurnesin. Eftir brotthvarf hersins árið 2006 stóð eftir svæði með sterka innviði, mikla sögu og einstök tækifæri til uppbyggingar. Síðan þá hefur Ásbrú smám saman þróast úr lokuðu varnarsvæði yfir í lifandi hverfi þar sem saga, orka og framtíðarsýn mætast.



Áhersla Kadeco er á að nýta þennan sterka grunn til að byggja upp sjálfbært og fjölbreytt samfélag til framtíðar. Ásbrú sameinar nálægð við höfuðborgarsvæðið, alþjóðlegt umhverfi, sterka innviði og einstök lífsgæði í einu mest vaxandi sveitarfélagi landsins. Uppbyggingin svarar aukinni eftirspurn eftir húsnæði, þjónustu og atvinnurými í Reykjanesbæ og er hugsuð sem langtímaverkefni sem styður bæði við samfélagslega og fjárhagslega verðmætasköpun. Framtíðarsýn Ásbrúar byggir á þéttri, barnvænni


og gönguvænni byggð þar sem gæði hönnunar, sjálfbærni og hagkvæmni fara saman. Kadeco og Reykjanesbær vinna náið með þróunaraðilum að því að skapa skýran en sveigjanlegan ramma sem tryggir fyrirsjáanleika, samræmi og gæði í uppbyggingu svæðisins. Með K64-áætluninni er lagður grunnur að markvissri þróun til ársins 2050 þar sem íbúðum, þjónustu og atvinnuhúsnæði fjölgar í takt við þarfir samfélagsins.



Gert er ráð fyrir að Ásbrú verði heimili um 14.000 íbúa árið 2050 og að íbúðum fjölgi um 4.500, þannig að heildarfjöldi íbúða verði yfir 6.000. Jafnframt er gert ráð fyrir um 10.000 fermetrum af verslun og þjónustu og allt að 600.000 fermetrum af athafnahúsnæði. Þessi þróun skapar tækifæri fyrir fjárfesta, verktaka, íbúa og fyrirtæki sem vilja taka þátt í að móta nýtt og framsækið samfélag á traustum grunni.



Helstu þróunarsvæði um þessar mundir eru Suðurbrautarreitir, Spítalareitir, Breiðbrautarreitir og Brekkubýggð. Þar er gert ráð fyrir fjölbreyttri blöndu fjölbýlis, raðhúsa, parhúsa og sérþýlis, með áherslu á að hverfið geti mætt þörfum fólks á ólíkum æviskeiðum.



Á árinu var hafin vinna við að móta nýja ásýnd Ásbrúar sem verður grundvöllur fyrir ímyndaruppbyggingu og markaðssetningu svæðisins til framtíðar. Unnið var með dönsku hönnunarstofunni Digital Estates sem hefur mikla reynslu í vinnu slíkra verkefna. Afurðirnar eru nýtt myndmerki og útlitseinkenni vörumerkisins Ásbrúar og samræmd frásögn sem tvinnar saman áhugaverða sögu svæðisins, einstaka

náttúru Reykjaness og framtíðaruppbyggingu Ásbrúar í Reykjanesbæ. Meðal annars verður sett í loftið ný heimasíða, ásbrú.is, þar sem uppbygging verður kynnt sem sameiginlegt verkefni Kadeco, Reykjanesbæjar, þróunaraðila og samfélagsins í heild. Áhersla er lögð á að allir taki þátt í að byggja upp lifandi, vistvænt og verðmætt hverfi fyrir komandi kynslóðir.

Helstu viðburðir ársins 2025–2026

Janúar, 25

- Vinnufundur með arkitektateymum sem vinna að deiliskipulagsgerð á Ásbrú.
- Heimsókn frá fulltrúum landgræðslu og skógræktar hjá Reykjanesbæ.
- Vettvangsferð Kadeco um nýbyggingarsvæði á höfuðborgarsvæðinu.



Febrúar, 25

- Kynning á fjórum vinnslutillögum að deiliskipulagi íbúðarsvæða á Ásbrú fyrir Umhverfis- og skipulagsráði Reykjanesbæjar.
- Þingflokkur Viðreisnar heimsækir Kadeco og kynnti sér verkefnið.



Mars, 25

- Bergný Jóna Sævarsdóttir sjálfbærnistjóri Kadeco og Elín Guðnadóttir yfirverkefnastjóri kynna K64 Hringrásariðngarðinn á MIPIM 2025 í Cannes.
- Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco, tekur þátt í pallborði á Smart Airports and Regions ráðstefnu í Amsterdam.



Apríl, 25

- Kadeco, Suðurnesjabær og IðunnH2 undirrita viljayfirlýsingu um lóð í Bergvík fyrir mögulega framleiðslu á sjálfbærri þotuelsneyti.
- Nýtt deiliskipulag fyrir Tæknivelli sent á Skipulagsstofnun til endanlegrar meðferðar og gildistöku.
- Samúel Torfi Pétursson, þróunarstjóri Kadeco, sækir ráðstefnu Passenger Terminal Expo í Madrid.



Maí, 25

- Nýtt leiksvæði með aparólu sett upp á Ásbrú í samræmi við óskir skólabarna í Háaleitisskóla.



- Aðalfundur Kadeco. Á fundinum er ársreikningur félagsins kynntur og ársskýrsla gefin út. Í stjórn Kadeco eru kjörin Einar Jón Pálsson, Guðmundur Daði Rúnarsson og ný inn í stjórn koma Salóme Guðmundsdóttir, Einar Gunnar Thoroddsen og Guðný Birna Guðmundsdóttir, sem taka við af Steinunni Sigvaldadóttur, Evu Stefánsdóttur og Páli Jóhanni Pálssyni. Salóme Guðmundsdóttir er kjörin formaður stjórnar. Hrafn Hlynsson er kjörinn varamaður. Steinunni, Evu og Páli er þakkað fyrir vel unnin störf.

- Fullt hús á vorgleði Kadeco 2025 þar sem Kadeco býður samstarfsaðilum og fyrirtækjum á K64 áhrifasvæðinu í heimsókn.



Júní, 25

- Farsældarráð Suðurnesja, hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, er formlega stofnað. Ráðinu er ætlað að efla og samræma þjónustu við börn og fjölskyldur, meðal annars með því að styrkja samstarf og tryggja jöfn tækifæri barna til þátttöku, náms og félagslegrar virkni þvert á kerfi.



Júlí, 25

- Á fundi umhverfis og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910 þann 11. júlí, eru tvö uppbyggingarmál á Ásbrú tekin til umfjöllunar. Annars vegar leggja fulltrúar Icelandic Home fram tillögu að hjúkunarheimili á lóðunum Keilisbraut 753 og 754, sem ráðið fagnar, og hins vegar veitir ráðið heimild til að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Spítalareit á Ásbrú, þar sem gert er ráð fyrir lágreistri byggð með allt að 250 íbúðum.



Ágúst, 25

- Íslenski steypuframleiðandinn BM Vallá er að reisa nýja steypustöð á Ásbrú í Reykjanesbæ. Steypustöðin er staðsett á Tæknivöllum á lóð sem BM Vallá fékk nýverið úthlutað frá Kadeco og mun verða tekin í notkun í haust.



September, 25

- Flugmaðurinn Greg Fletcher, sem nauðlenti Douglas Dakota-flugvéli á Sólheimasandi árið 1973 og bjargaði þannig lífi allra um borð, heimsækir sínar fyrrum heimaslóðir á Ásbrú í Reykjanesbæ. Pálmi Freyr Randversson framkvæmdastjóri Kadeco og Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, taka á móti Fletcher ásamt hópi frá Landhelgisgæslunni.



- Elín Guðnadóttir og Samúel Torfi Pétursson sækja Airport City Developers Forum, sem haldið var á München flugvallarsvæði í byrjun september. Er um að ræða hóp fagfólks í flugvallarþróun og fasteignar- og iðnaðarþróun á flugvallarsvæðum sem hittist árlega. Í allri flugvallarþróun er mikilvægt að fylgjast með því sem á sér stað í sambærilegum verkefnum víða um heim og leggur Kadeco sérstaka áherslu á vera virkur þátttakandi í samtali milli alþjóðlegra sérfræðinga. Þetta stuðlar að nýsköpun og betri starfsháttum á sviðinu.

Október, 25

- Kadeco ásamt Isavia tekur á móti nýrri skrifstofu skipulags- og byggingarmála Reykjavíkurborgar á skrifstofu Kadeco. Markmiðið er að segja þeim frá starfsemi og framtíðaráætlunum fyrir Keflavíkflugvöll og nærsvæði.

- Stjórn Kadeco ferðast til Amsterdam en tilgangur ferðarinnar er að heimsækja þróunarfélag Schiphol flugvallar (SADC) sem á margt sameiginlegt með Kadeco og hefur verið rekið með góðum árangri í hátt í fjóra áratugi. Stjórnin skoðar meðal annars hvernig flugvallarsvæðið hefur þróast og hvernig stór iðnaðarsvæði njóta góðs af nálægð við flugvöllinn. SADC er samstarfsvettvangur sveitarfélaga, Amsterdam borgar, flugvallarins og Norður-Hollands sýslu.

- Elín Guðnadóttir, yfirverkefnastjóri Kadeco, tekur þátt í pallborði á vegum Real Asset Media í Expo Real í München í byrjun október. Þetta er ein stærsta fasteignasýning og -ráðstefna í Evrópu. Elín ræðir um mikilvægi þess að taka sjálfbærni og umhverfissjónarmið með í reikninginn frá byrjun áætlunargerðar og þau fjölmörgu tækifæri sem það býður upp á á K64 flugvallarsvæðinu.

Október, 25



- K64 þróunaráætlunin fær viðurkenningu sem eitt af tíu bestu framkvæmdarverkefnum á alþjóðavísu, í úttekt alþjóðlega tímaritsins Real FDI. Tímaritið fylgist með fjárfestingum og þróunarverkefnum á fasteigna- og iðnaðarsviði. Viðurkenningin staðfestir að K64 er í fremstu röð þegar kemur að árangursríkri þróun á flugvallarsvæðum.
- Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco, heimsækir þrjátíu ára afmælisráðstefnu IAAE (alþjóðasamtaka flugvallarstjórnenda) og ræðir þar um K64-þróunaráætlunina og uppbyggingu á nærsvæðum Keflavíkurflugvallar. Hann tekur einnig þátt í pallborði um framtíð flugvallarreksturs í síbreytilegum heimi.



Nóvember, 25

- Háaleitisskóli, grunnskólinn á Ásbrú hlýtur ár Hvatningarverðlaun íslensku menntaverðlaunanna sem veitt eru á Bessastöðum. Dömnend tekur sérstaklega fram í umsögn sinni að skólanum hefi tekist að skapa einstaklega jákvæða skólamenningu en í skólanum eru sjö af hverjum tíu nemendum af erlendum uppruna. eru þar töluð 30 tungumál og hefur mikil rækt verið lögð við samstarf við foreldra.




Nóvember, 25

- Kadeco skrifar undir samkomulag við Björtuvík ehf. um byggingarrétt og deiliskipulagsgerð á svokölluðum Spítalareit. Reitirinn er nefndur eftir gamla herspítalanum á Ásbrú og er tilgreindur í uppbyggingarsamningi Kadeco, íslenska ríkisins og Reykjanesbæjar frá október 2024 um uppbyggingu allt að 1.000 nýrra íbúða á Ásbrú ásamt uppbyggingu innviða. Á Spítalareit verða byggðar að lágmarki 200 nýjar íbúðir í randbyggð innan um eldri byggingar sem munu standa áfram, sem eru gamli herspítalinn á Ásbrú og Andrews Theatre.
- Gunnar Kristinn Sigurðsson tekur við stöðu markaðsstjóra Kadeco. Gunnar Kristinn hefur áralanga reynslu sem stjórnandi á sviði markaðsmála og viðskiptaþróunar. Hann kemur til Kadeco frá KPMG þar sem hann leiddi viðskiptaþróun og markaðsmál. Þar stýrði hann markaðsteymi fyrirtækisins og tók þátt í fjölmörgum verkefnum, meðal annars í tengslum við vöruþróun, stefnumótun, starfæna umbreytingu og sjálfbærni.



Desember, 25

- Kadeco fundar, ásamt Stephen Duncan, framkvæmdastjóra C Studios, með Íslandsstofu um alþjóðlega markaðssetningu K64 og Íslands í tengslum við fjárfestingu, nýsköpun og uppbyggingu.
- Kadeco fer í jólaþeysukaffi til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum



Janúar, 26

- Kadeco fær góða heimsókn frá fulltrúum japanska flugvallarins Tokyo Narita Airport sem hefur mikinn áhuga á að fræðast um K64 þróunaráætlunina í kringum Keflavíkurflugvöll. Þau hyggja á mikla stækkun á næstu árum og samhlíða því að þróa svæðið í kringum flugvöllinn með fjölbreytta uppbyggingu í huga.



Febrúar, 26

- Sverrir Bergmann Magnússon tekur við stöðu samfélags- og sjálfbærnistjóra Kadeco. Sverrir hefur víðtæka reynslu af sveitarstjórnarmálum, samfélagsmálum og samskiptum við íbúa og hagaðila á Suðurnesjum. Í starfinu mun hann bera ábyrgð á samfélagstengslum, sjálfbærnistefnu og samþættingu þróunarverkefna Kadeco við nærumhverfi, hagsmunaaðila og íbúa.



Mars, 26

- Mikill áhugi var á kynningum Kadeco á alþjóðlegu fasteigna- og þróunarráðstefnunni MIPIM sem fram fór í Cannes í Frakklandi dagana 9.-13. mars. Kadeco tók þar í fjórða skiptið þátt á sameiginlegu Íslandssvæði á vegum Íslandsstofu, ásamt fulltrúum annarra íslenskra þróunarfélaga.



- Kadeco tók þátt í stórsýningunni Verk og vit sem haldin var í Laugardalshöll dagana 19.-22. mars ásamt Isavia, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ.



- Fjöldmenni er á sameiginlegum kynningarfundi Kadeco, Suðurnesjabæjar og Reykjanesbæjar á Verk og vit. Yfirskrift fundarins er „Hvar liggja tækifærin á Suðurnesjum“ Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco og Elín Guðnadóttir yfirverkefnastjóri Kadeco segja frá spennandi tækifærum í uppbyggingu á Suðurnesjum í tengslum við K64 þróunaráætlunina.

Apríl, 26

- Kadeco tekur á móti forsvarsfólki framboðslistanna til sveitarstjórnarkosninga á Suðurnesjum þar sem skapast góðar og áhugaverðar umræður um framtíðarverkefni á Suðurnesjum.



- Kadeco fer í vettvangsferð í Ölfus þar sem ferð er í heimsókn til ON á Hellið. Sveitarstjóri Ölfus fer yfir spennandi verkefni á svæðinu og úthlutun lóða í sveitarfélaginu og að lokum er litið til First Water og skoðað landeldi sem er að rísa á svæðinu.

- Kadeco tekur þátt í stóra plokkeginum og plokkaði rusl í nærumhverfi skrifstofunnar á Ásbrú.



- Aðalfundur Kadeco og ársskýrsla.



Brot úr umfjöllun fjölmiðla um Kadeco og K64 á árinu

Maí 2025



Janúar 2026



Maí 2025



Janúar 2026



Mars 2026



September 2025



Janúar 2026



Mars 2026



Nóvember 2025



Janúar 2026



Greinaskrif og efni Kadeco

Á miðlum Kadeco leggjum við áherslu á áhugaverðar frásagnir og viðtöl sem sýna bæði fjölbreytileika og grósku á svæðinu. Við birtum meðal annars reglulega viðtöl við forsvarsmenn fyrirtækja á svæðinu og munum halda því áfram.



October 8, 2025

Skapar tækifæri til vaxtar



February 5, 2026

Nálægð við alþjóðaflugvöll er lyklatríði



May 12, 2026

„Við viljum verða fyrirmynd sjálfbærrar iðnaðaruppbyggingar“



October 28, 2025

Ásbrú góð staðsetning til að reka fyrirtæki



September 24, 2025

Mikilvægt að uppbygging sé unnin í samráði



An aerial photograph of a coastal city and airport. The city is built on a peninsula, with a large airport to the left. The sky is filled with dramatic, white and grey clouds. The water is a deep blue, and the land is a mix of green and brown. The image is framed by a dark green border with a stepped, geometric design.

KADECO